

Fundur skóla- og foreldraráðs Árskógarskóla Föstudaginn 3. maí 2013

Mættir: Amanda Guðrún, Linda, Inga Rut, Gerður og Gunnþór

- Á fundinum var tekin ákvörðun þess efnis að 3 fundir væru haldnir hjá skóla- og foreldraráði á ári, en Gunnþór gæti engu að síður kallað fólk saman þess utan ef á þyrfti að halda.
- Áætlanir sem skólanum ber að útbúa eru nánast fullgerðar s.s. eineltisáætlun, áfallaáætlun, rýmingaráætlun og viðbrögð við jarðskjálfta. Áætlanir þessar ofl. má nálgast á heimasíðu skólans. Næsta vetur verður unnin jafnréttisáætlun.
- Búið er að senda foreldrum og starfsfólki skólareglur Árskógarskóla til yfirlestrar þar sem óskað var eftir ábendingum um hvað betur mætti fara. Lítil en góð viðbrögð og ábendingar. Reglurnar lagðar fyrir á fundinum og samþykktar.
- Kostnaðaráætlun fyrir Árskógarskóla árið 2013 eru 75 milljónir og ber Gunnþóri að skila uppgjöri á 3ja mánaða fresti til fjármálastjóra Dalvíkurbyggðar. Ákveðnir liðir í áætluninni eru fastar krónutölur sem lítið er hægt að færa til, aðrir liðir hreyfanlegri og hægt að færa aðeins á milli liða.
Hingað til hefur skólanum tekist nokkuð vel að standast þær áætlanir sem gerðar hafa verið og er það að sjálfsögðu jákvætt.

Rætt um skólanámskrá/starfsáætlun 2012-2013 og hún samþykkt og vísað til fræðsluráðs til samþykktar.

Af heimasíðu skólans: *Skólanámskrá þessi gerir grein fyrir því hvernig skólinn útfærir nám og kennslu samkvæmt því svigrúmi sem lög, reglugerðir, aðalnámskrár og skólastefna Dalvíkurbyggðar veita. Skólanámskrá Árskógarskóla er upplýsingarit um skólann. Ritið er gefið út árlega þar sem koma fram helstu upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu, skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siðir í skólanum o.s.frv. Starfsáætlunin er hluti af skólanámskrá skólans og byggir á starfsvenjum okkar ásamt þeim ábendingum sem fram koma í mati á skólastarfinu á hverjum tíma um hvað megi betur fara og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta skólann. Fyrst er stefnumarkandi hluti skólanámskrárinnar en hann lýtur að skólastarfinu í heild, óháð einstökum námsgreinum. Síðari hlutinn eru árganganámskrár (enn í vinnslu), þar sem nánari lýsingu á námi og kennslu í hverjum árgangi er að finna. Skólanámskrá er unnin af starfsfólki skólans og skal endurskoðuð ár hvert. Ákvæði um skólanámskrá er í leik- og grunnskólalögum og Aðalnámskrám leik- og grunnskóla.*

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans en einnig er hægt að fá hana útprentaða ef þess er óskað.

Næsta vetur verður haldið áfram vinnu við árganganámskrá og stefnt að því að skólanámskrá/starfsáætlun með árgangalýsingum verði tilbúin 2014.

- Fjallað um hornsteina skólans, þ.e. námsáhuga, þrautseigju, samvinnu, leik, útiskóla, gleði, umhyggju og virðingu.
Einnig komum við inn á grunnþætti menntunar – læsi, lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og skapandi starf.
- Fjallað um uppeldis- og kennslufræðilegar hugmyndir sem skólinn okkar vinnur eftir og lesa má í skólanámskrá.
- Fræðsluráð samþykkti skóladagatal næsta árs, 2013 - 2014
- Í námsmati skólans til nemenda í vor verður tekið upp „nýtt“ kerfi frá því sem verið hefur samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Kennarar munu gefa vitnisburð í bókstöfum í stað talna og verður gefið á skalanum A -B - C og D. Auk þess vera gefnar skriflegar umsagnir.
Amanda Guðrún kom með fyrirspurn varðandi þetta nýja matsfyrirkomulag og sagði að sér þætti það villandi þar sem það segði sér nægilega vel hvar hún stæði í hverri grein fyrir sig eða hvaða einkunn hún hefði fengið.
- Lóðamál eru nú að komast á hreint og verður hafist handa um leið og snjórfur. Þá liggur m.a. fyrir að flytja til tæki, jarðvegsskipti, auk girðingar og yngribarnlóð. 5 milljónir eru settar í lóðaframkvæmdir í sumar en Gunnþór mun óska eftir 2 milljónum til viðbótar svo hægt verði að klára þann hluta sem nú er stefnt að.
- Lítilega rætt um næsta vetur:
Brynhildur myndmenntakennari lætur af störfum og einungis ein umsókn hefur borist um hennar starf. Gunnþór hefur lengt umsóknafrest um viku. Aðrir starfsmenn halda áfram störfum en e.t.v. breytist vinnuhlutfall einhverra.
- Fyrirkomulag skólans breytist lítilega næsta vetur. Skólinn byrjar kl. 8:00 í stað 8:15 í vetur. Nemendur verða því búnir fyrr á daginn eða kl. 13:30 (allir nemendur búnir á sama tíma). Nemendur fá í 1-4 bekk 30 kennslustundir á viku en 5-7 bekkur 35 kennslustundir á viku.
Hópaþyrirkomulagi nemenda verður breytt frá því sem verið hefur í vetur en enn er verið að vinna að því máli.

Vonandi náum við enn meiri sveigjanleika en verið hefur, meiri blöndun og betri samnýtingu starfsfólks.

Amanda benti þar á að hún telur að nemendum þygi betra að vinna eftir hefðbundinni stundaskrá, þ.e. að vita hvað sé framundan t.d. stærðfræði í fyrsta tíma, íslenska í öðrum og svo framvegis í stað þess að sjá alltaf bara umsjón á stundaskránni og vita ekki hvað sé verið að fara að gera.

- Ljóst er á þessum tímamarki að nemendum mun fækka lítillega en verða um 40 næsta vetur.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:15

Ritari Gerður Olofsson